

ÍSLENSK VÍSINDI OG FRAMTÍÐ MANNKYNNSINS

I *Formáli*

Georg Brandes skrifaði þegar hann var á ungum aldrí, grein um danska heimspekinginn dr. Hans Brøchner. Má þegar af þessari ritgerð hins unga bókmenntafræðings, ótvíræðlega marka, að þar er um mikið snillingsefni að ræða. Þykir honum sem dr. Brøchner sé of lítis metinn, og er ekki að efa, að hann hafði þar rétt fyrir sér; því að Brøchner mun hafa verið einn mesti heimspekingur danskur.

Brandes hefur upp grein sína þannig: „Menn lesa vanalægum með nokkurri undrun, að þeir menn liðinna tíma, sem einkum voru mikils verðir, hafi hjá samtíð sinni verið í litlum metum.“ — Muna verður, að það eru andans menn, sem greinarhöfundurinn hefir í huga, fyrst og fremst. — Og hann heldur áfram þannig: „Menn undrast þegar þeir komast að því, hvernig aldarfarið var á móti þeim, hversu einmana þeir voru, og hverskonar menn voru teknir framyfir þá. Og menn þykjast geta verið vissir um, að á vorum dögum sé öllu slíku lokið, nú séu menn orðnir glöggskyggnir á það sem er mikils vert, og láti það ekki liggja í láginni. Mönnunum þykir gott til þess að hugsa, að þau nöfn, sem á vorum dögum eru oftast nefnd og hæst haft um, sé þau hin sömu, sem framtíðin muni hafa mestar mætur á. Það er ekki margt í heimi hér — segir Georg Brandes — sem er eins víst og það, að í þessu skjálast mönnunum herfilega.“

Þó að nokkuð langt sé um liðið síðan þetta var skrifað, þá eru þessi orð hins mikla ritsnillings í fullu gildi ennþá.

Það er því miður ennþá svo, að hégómi, lygi og villa er það, sem menn hafa í mestum metum, en sannleikann hættir þeim mjög við að fyrirlíta, og það jafnvel því fremur, því meira sem á því ríður, að hann sé að verðleikum metinn. Og það er einmitt þetta, sem er þess valdandi fyrst og fremst, að það er, eins og nánar verður vikið að síðar, helstefnan, sem verið hefir hin ráðandi í framvindu mannkynssögunnar.

Aðaltilgangur þess, sem hér fer á eftir, er að skýra þetta mál nokkru gjör en ég hefi gert áður, og sýna framá, hvernig mannkyn vort gæti horfið frá helstefnunni og tekið í staðinn þá sem leiðir til sigurs fyrir lífið hér á jörðu.

II

Álitlegur hópur íslenskra menntamanna hefir staðið að því að koma á íslensku þykkri bók, sem heitir „Undur veraldar“. Er það mjög lofsvert fyrirtæki, og má geta nærri, að sú bók sé ekki lítils verð, þar sem aðalritstjórinn er hinn ágæti ameríski stjörnufræðingur, og að vísu einkum vetrarbrautafræðingur, Harlow Shapley. Og ekki er síst fyrir mig, ástæða til að vera þessum mönnum þakklátur, þar sem bók þessi getur orðið til að greiða fyrir skilningi á nauðsyn og þýðingu nokkurra nýunga í vísindum og heimspeki, sem mér er mikill hugur á að reyna til að koma á framfæri.

Af hinum ýmsu ritgerðum bókar þessarar, sem óhætt mun vera að segja að allar séu eftir mjög hæfa menn, og íslensku þýðendunum yfirleitt virðist hafa tekist vel með, má fá nokkra hugmynd um sögu vísindanna, og á hvaða stigi er verið nú í aðalatriðum. En óefað er of lítið af því sagt, gegn hve miklum erfiðleikum hefir verið að sækja í þekkingarefnum, og sérstaklega þó, þegar um var að ræða þau nýju sannindi, sem allramest hafa miðað til framfara, og því einmitt reið allramest á, að tekið væri af skilningi og samúð.

Nú er að vísu svo, sem varla þarf að taka fram, að mjög margt er í vísindum, sem ég hefi lítið vit á, eða ekkert. En þó vill svo til, að árangur langrar viðleitni er sá orðinn, að ég hefi fundið áríðandi ný sannindi, og öðlast þess vegna yfirlit, sem ekki hefir verið til áður hér á jörðu, en alveg er

nauðsynlegt, ef á að geta tekist að beina framvindunni í rétt horf, og afstýra þannig yfirvofandi hættum, sem eins og ýmsir eru nú farnir að sjá, bæði náttúrufræðingar og aðrir, eru alvarlegra eðlis, en nokkrar sem af er að segja á ævi mannkynsins áður, og að vísu svo, að skammt undan væru nú endalok mannkynssögunnar, og þau hin herfilegustu, ef ekki yrðu þar ráð við fundin. En í því sem hér fer á eftir, mun verða reynt að sýna fram á, í hvaða átt þeirra ráða er helst að leita, sem duga munu.

III

Það er mjög þess vert, að athygli sé á því vakin, hve mjög menn hafa metið of lítils þau vísindi, sem kölluð eru jarðfræði. Og að vísu kemur þetta ekki einungis fram þannig, að jarðfræðin er tiltölulega ung vísindagrein, seint var farið við hana að fást, og fáir hafa að henni unnið, og við of lítilfjörlagar ástæður. Menn hafa heldur ekki, neitt líkt því sem mátt hefði, fært sér í nyt til skilningsmeiri líffskoðunar, ýms þau sannindi, sem jarðfræðingunum hefir þó, þrátt fyrir allt vanmat á starfi þeirra, auðnast að leiða í ljós. Eins og t. d. þetta. Það er varla minna en þúsund milljónir ára, sem liðið er síðan líf hófst fyrst á jörðu vorri. Og er vér virðum fyrir oss þessa óralöngu sögu lífsins, og íhugum þann árangur, sem orðinn er, þá getur oss ekki dulist, að lífið hlýtur á þessum stað alheims, að hafa átt tiltakanlega erfitt uppráttar. Oss verður þetta því ljósara, því fremur sem vér gerum ráð fyrir, að lífið sé tilraun nokkur, einhverskonar ómissandi þáttur í sköpun heimsins. Og hverskonar tilraun lífið hér á jörðu er, ætti oss í rauninni ekki að geta blandast hugur um. Það er verið að reyna að koma hér upp veru, sem geti að sínum hluta haft forstöðu sköpunarverksins á þessum himinhnetti sem jörð vor er. En til þess þarf að vera um vitveru að ræða, og það er ekki fyrr en mannkyn skapast fyrst hér á jörðu, sem telja má að vitlíf hefjist hér. Jarðfræðin var ómissandi til að kenna oss hversu sá atburður er nýr, þegar miðað er við alla sögu jarðlífsins, þó að býsna langt sé síðan, þegar miðað er við eina mannsævi. Því að ein milljón ára

eða nokkru meir, mun vera síðan fyrstu mennirnir urðu til hér á jörðu. Og jafnvel eftir það hefir framsóknin í vitáttina verið býsna hægfara. Ýmsar manntegundir hafa komið fram, en liðið síðan undir lok, án þess að nokkuð verulega yrði komist áleiðis í vitefnum. Og það eru ekki margir tugir áraþúsunda síðan sú manntegund skapaðist (*Homo sapiens*), sem á fyrir niðja það mannkyn, sem nú byggir jörðina. En aðeins fáeinar áraþúsundir frá því að þessu voru mannkyni fór að miða nokkuð verulega áleiðis í menningaráttina, og þó að vísu aðeins þannig, að aldrei hefir verið um eindregna framför að ræða.

IV

Það er ekki efnilegt þetta, þegar þess er gætt, hversu stórkostlegt markmið lífinu á jörðu vorri er fyrir sett, og hversu áríðandi hlýtur að vera, að sem mest verði ágengt í þá átt, og á sem skemmtum tíma. Oss fer þá líka að gruna, að framvindustefnurnar muni vera tvær, og það jafnvel með svo miklum mun, að önnur sé réttnefnd helstefna, en hin lístefna.

Aðaltilgangur þessa máls er nú einmitt sá, að skýra þetta mikla efni að nokkru. Og munu menn geta gengið úr skugga um, að það er alveg óhætt að tala um íslensk vísindi í því sambandi.

Til þess að kynnast þeim sjónarhól sem vísindamenn eru á ennþá í þessum efnum, eða hafa til skamms tíma verið, er gott að lesa í bókinni um „Undur veraldar“ ritgerð eftir H. F. Mather, sem heitir: „Framtíð mannkynsins á jörðinni“. (Þýðingin er eftir dr. Símon Jóh. Ágústsson). Þarf varla að taka fram, að ritgerð um slíkt efni, eftir fróðan mann og vel pennafærðan, hlýtur að vera tiltakanlega skemmtilegt lestrar-efni. Þarna segir svo, s. 632: „Jarðfræðingar geta því öruggir dregið þær ályktanir af jarðsögunni, sem nær yfir $1\frac{1}{2}$ —2 milljarða ára, að jörðin verði byggileg a. m. k. jafn lengi, eða um $1\frac{1}{2}$ —2 milljarða ára enn. — Alheimurinn hefir nægan tíma fyrir sér.“ — Og enn fremur, s. 639: „Niðurstaðan verður sú, að mannkynið þurfi ekki svo mjög að bera

kvíðboga fyrir framtíð sinni hér á jörðu. Ef það greiðir sér sjálf hina heillavænlegustu vegin, sem því standa nú þegar opnir, og nýtir hyggilega þær auðlindir, sem það hefir nú þegar tök á, er gild ástæða til að ætla, að það geti lifað hamingjusömu lífi um ófyrirsjáanlega langan tíma.“

Stóreftirtektarverð eru þessi orð hins gáfaða og lærða höfundar. Og vitanlega eiga sömu lýsingarorðin við um hinn íslenska þýðanda, sem hefir þó ekki fundið ástæðu til að gera þarna neinar athugasemdir við. Hjá þessum lærðu höfundum er því bersýnilega ekki til neinn grunur um hinrar tvær stefnur. (Sbr. orðin um „hina heillavænlegustu vegin, sem því (mannkyninu) standa nú þegar opnir.“ [Leturbreytingin hér gerð. — H. P.] Þeir eru, eins og allir aðrir höfundar þessarar svo læsilegu og fróðlegu bókar sem nefnist „Undur veraldar“, alveg án skilnings á því, að um helstefnumannkyn er að ræða hér á jörðu, dauðadæmda líftegund. Og ekki einungis það, heldur er glötunin skammt undan, ef ekki verða fundin ráð til að afstýra voðanum sem yfir vofir.

Því fer býsna fjarri, að um hamingjusamt líf hafi verið að ræða hér á jörðu hingað til, og þó síst mannlíf. Því að saga mannkyns vors er hryllileg, engin lífvera á þessari jörð hefir verið líkt því eins ófarsæl og maðurinn, sem því er réttnefndur animal infelix, dýrið ófarsæla. Og þetta er því eftirtektarverðara, sem engin vafi getur á því leikið, að tilgangur lífsins er farsæld. En eins og bæta verður við, réttfengin farsæld. Hver sú tegund farsældar, sem ekki er rétt fengin, verður fyrr eða síðar að ófarsæld.

Hin fræga setning Schopenhauers: „Das Leben ist etwas das besser nicht wäre: lífið er það sem betur væri ekki“, nægir til að sýna, að hann hefir verið mikill spekingur. En þó verður nokkru við að bæta til þess að ekki sé ofsagt. Það er líf, slíkt sem lifað er hér á jörðu, sem ekki á að vera. Það er af því að ekki er lifað rétt hér á jörðu sem hver einstaklingur verður að gefast upp við að lifa og deyr. Og vitanlega einnig, að sjálf lífegundin maður, er dauðadæmd.

Það yrði langt mál, ef rita ætti nokkuð rækilega um það marga sem í þessa átt bendir, og verður aðeins fátt af því hér

sagt. Mjög íhugunarvert er það undireins, hversu mikill hluti jafnvel langrar mannsævi, fer til að ná fullum líkamsþroska. Og þó er ennþá meiri ástæða til að hugleiða í þessu sambandi, hversu fá eru árin frá því að fullum þroska er náð, og þangað til afturförin hefst, hin líkamlega hnignun sem lýkur með dauða, jafnvel þó að ekki komi sóttir til, slys eða áverkar. Ef lifað er til hárrar elli, þá er meiri hluti ævinnar afturför. En hins vegar virðist mér ástæða til að vera viss um, að þegar komið er á hina sönnu framfarabraut, þá er lífið sífelld framför og vaxandi þroski, en engin afturför.

V

Ef vér svo lítum á sögu mannkynsins alls, kemur enn í ljós á stórfróðegan hátt, hvernig gefist er upp á þroskabrautinni. Það má svo að orði kveða, að visnað hafi vaxtarbroddur mannlegrar framsóknar, þegar hin grísk-rómverska tilraun til að koma mannkyninu á framfaraleið, fór út um þúfur. Það voru einkum Grikkir, sem tendruðu það ljós þekkingar, sem helst miðaði til þess, að unnt gæti orðið að lifa fullkomnara lífi. En í stað þess, að þeirri viðleitni væri haldið áfram, og reynt til að glæða það ljós sem best, voru tekin upp trúarbrögð annars þjóðkyns. En þau studdust við rit sem menn ímynduðu sér að alvitur guð væri höfundurinn að, þó að dauðlegir menn hefðu fært þau í letur. Þarf ekki að undra, þó að sú trú gæfist ekki vel. Því að í augum þeirra sem hana höfðu, hlutu bækur hinna heiðnu spekinga, sem svo furðulegan fróðleik höfðu að geyma, og svo mjög hefði getað orðið hvöt og hjálp til að halda áfram leitinni eftir þekkingu, að tapa gildi sínu, og jafnvel verr en það. Þau gleymdust því og glötuðust, og stundum skófu munkarnir jafnvel hinn stórmerkilegasta fróðleik burt af bókfellunum, til að skrifa eitthvað lítilsvart í staðinn. Og skólarnir, sem ágætir spekingar höfðu stofnað, voru lagðir niður. En afleiðing alls þessa var hið illræmda vanþekkingarmyrkur miðaldanna, sem svo margt og svo mikið illt hafði í för með sér. Drepsóttir ágerðust, fólkinu fækkaði, og á þeim öldum sem kristin kirkja var einvöld, komst grimmd og miskunnar-

leysi á ennþá hærra stig en verið hafði í grískri og rómverskri heiðni. T. d. má nefna, að ungar stúlkur voru brenndar eða grafnar lifandi fyrir að hafa rofið hið svonefnda skírlífisheit, sem þær margar hverjar munu hafa unnið, án þess að þeim væri nægilega ljóst hvað þær voru að gera.

Það er ekki fyrr en á þeim tínum sem kenndir hafa verið við endurreisn og endurfæðingu, er menn tóku til að sinna leifum hinna heiðnu grísku og rómversku bókmennta, og gefa þær út með tilstyrk prentlistarinna, sem aftur fer að rofa til og áhuginn á að leita þekkingar er endurvakinn. En þrátt fyrir þær miklu framfarir í þeim efnum sem orðið hafa síðan, verður þó að segja, að fram til þessa dags hefir ekki eins og mátt hefði, verið haldið áfram af grísk-rómverskri heimspeki og vísindum. Eins og enn mun verða drepið á hér síðar.

Afarþýðingarmikið er að veita því eftirtekt, að ein aðal-kenning þeirra trúarbragða sem urðu til að stöðva þá þekkingarleit sem svo vel hafði verið hafin, var sú, að þær samfarir manns og konu sem ekki verður án verið ef lífategundin maður á að geta haldið áfram að vera til, séu í eðli sínu svívírðilegar og syndsamlegar. Það þarf ekki að efa, að slík kenning er helstefnueinkenni. Og úr sömu áttinni eru hinir hryllilegu samfarasjúkdómar, sem telja verður víst að séu mjög ungir, miðað við aldur mannkynsins. Og sá þeirra sem skaðlegastur er, sárasóttin, var ekki til hjá hinum heiðnu Grikkjum og Rómverjum.

Þá er enn eitt af meinum mannkynsins sem ástæða er til að minnast á í þessu sambandi. Í tímariti, amerísk-íslensku, sem heitir Brautin, og mér hefir sent verið, eru 4 amerískir læknar bornir fyrir því að í Bandaríkjunum muni á hverju ári vera framkvæmdar um 680 000 fóstureyðingar, en afleiðingin dauði fyrir um 8 000 konur. Ennfremur er þar sagt, að á Þýskalandi hafi um 1 000 konur beðið bana af þessum sökum árið 1931. En eftir annarri heimild hefi ég það, að á Frakklandi sé árleg tala fóstureyðinga um 400 000. Fremur mun mega gera ráð fyrir, að réttara væri að hækka þessar tölur en lækka. Og vitanlega mun þetta sama eiga sér stað

í fleiri menningarlöndum. Ég minnist þess t. d. frá því er ég dvaldi nokkra daga í Stokkhólmi sumarið 1929, að í dagblöðunum þar mátti þá lesa, að í þessu efni væri beinlínis um nokkurskonar faraldur að ræða þar í borginni, að margar stúlkur lægju á sjúkrahúsum af þessum sökum, og margar hefðu dáið.

Slíka viðburði verður alveg vafalaust að líta á sem eitt af einkennum helstefnumannkyns. Og er þetta ennþá ískygglegra þegar þess er gætt, hversu auðvelt væri að ráða bót á þessu hryllilega böli. Því að til þess þyrfti ekki annað en áhald svo fyrirferðarlítið, að það gæti komist fyrir í venjulegri kventösku, ásamt öðru sem þar þarf að vera, og svo 6—800 gr. af hreinu, volgu vatni. Ég læt þessa getið, af því að mér hefir blöskrað að fréttu, hversu hættuleg, en algerlega óþörf efni, fólk sem á þessu þarf að halda, er stundum að láta saman við vatnið. Og ég get ekki betur séð en að nokkur ástæða sé til að furða sig á því, að læknar skuli ekki hafa látið sér annara um að veita hina nauðsynlegu fræðslu í þessu efni, en virðist hafa verið.

ENN er á þetta að líta frá nokkuð öðru sjónarmiði. Ég sa þess einhversstaðar getið, að fólksfjölgun á Indlandi væri svo mikil, að gera mætti ráð fyrir, að íbúatalan þar mundi eftir aðeins fáein ára hafa náð 400 milljónum. Horfði til vaxandi vandræða þar í landi, þar eð fólkid væri nú þegar orðið alltof margt, og hryndi niður úr hungri, svo milljónum skipti, þegar illt væri í ári. Virðist þar augljóst hve mikil þörfir er á handhægri, hættulausri og auðlærðri aðferð til að koma í veg fyrir barnsgetnað, og þar með það hryllilega böl sem hungurdauði milljónanna er. —

Ekki þarf mörg orð til að minna á það helstefnueinkenni mannkyns vors sem mest ber á, styrjaldirnar. Framfarirnar í því að eyðileggja mannslíf og mannaverk hafa verið svo geistar á þessum síðustu tímum, að ýmsir þeir sem best er trúandi til að dæma rétt, eru farnir að halda því fram, að ef enn yrði heimsstyrjöld, mundi af henni hljótast algert niðurfall menningarinnar og þar með endalok a. m. k. mikils hluta mannkynsins. En hitt virðist mönnum ekki vera ljóst,

enda tekur það mál meir til náttúrufræðingsins en stjórn-málamannsins eða herforingjans, að upphaf hins óbrigðula friðar getur því aðeins orðið, að horfið sé algerlega frá hel-stefnunni. Og mun ég þá snúa mér að því að sýna fram á, hvernig upphaf þeirrar stefnubreytingar gæti orðið. En þó verður fyrst að taka þar á sig krók nokkurn, ef svo mætti að orði komast.

VI

Bókin „Undur veraldar“ getur verið oss ágæt hjálp til að átta oss á því, hversu bágborin er og framfaralítil sú grein þekkingar sem nefnd er sálfraði. Er þar margt ritað eins og austurríski gyðingurinn Sigmund Freud væri aðalbrautryðjandi í þeim eftum, og þó einkum lagt mikið uppúr rann-sókn hans á eðli drauma, og skýringum hans og lækningum á sálsýki, í sambandi við þá rannsókn. En í sálsýkisfræðinni er einnig mikil áhersla lögð á það, sem menn nefna klofningu sálarlífssins eða hugklofnun. Minnir nútímaástand þess-ara fræða eigi alllítið á efnafræðina eins og hún var á 18. öld, áður en þau vísindi komust verulega á framfaraleið. En það varð með uppgötvunum þeim sem þeir gerðu Priestley (enskur), Scheele (sænskur) og Lavoisier (franskur). Menn héldu, áður en rannsóknir þessara manna komu til sögunnar, að bruni yrði fyrir nokkurskonar klofnun, þar sem sannleikurinn er þó sá, að það er merkileg sameining efna sem á sér stað, þegar eitthvað brennur; og vona ég að mönnum geti orðið ljóst af því sem á eftir fer, hversu réttmætur er þessi samanburður sem drepið var á. Afleiðingarnar af þessari uppgötvun á sambandseðli brunans, hafa orðið mjög stórkostlegar, eins og allir vita. Afleiðingar hinna til-svarandi uppgötvana í sálfraði og líffraði, munu verða ennþá stórkostlegri. Og skal nú reynt að greiða nokkuð fyrir skilningi á þessu svo stórbýðingarmikla máli.

Það er býsna fróðlegur samanburður sem gerður hefir verið á svonefndri hugklofnun sjúklings, og vanalegu draumlífi, eins og lesa má í bókinni „Undur veraldar“. Þar segir svo, s. 630: „Bendir allt þetta í þá átt, að segja megi um

hugklofa (þ. e. hugklofnunarsjúklinga, sem svo eru taldir vera), að þeir lifi í draumi“. Og ennfremur er þetta haft eftir geðveikralækninum Hoskins: „Munurinn á draumum þeirra (þ. e. „hugklofnunarsjúklinganna“) og draumum mínum, er einkum sá, að þeirra draumar eru ekki á enda þegar þeir vakna“.

Ég efast ekki um, að þessi samanburður á vanalegu draumlífi og svo hugarástandi hins svonefnda hugklofnunarsjúklings er réttur. Það virðist vera alveg öruggt að álykta sem svo, að ef hið vanalega draumlíf á rót sína að rekja til einhværrar hugklofnunar, þá er sama að segja um þá tegund af geðveiki, sem hér ræðir um. En það sem nú er alveg víst er þetta, að hið vanalega (normala) draumlíf er í eðli sínu fyrst og fremst, og aðallega, sambandsástand en ekki klofnunar.

VII

Það fara nú — undir árslokin 1946 — að verða 45 ár síðan ég ásetti mér fyrst að reyna að komast að niðurstöðu um eðli draumlífsins. Ég hafði þá þegar lagt nokkra stund á heimspeki, í og með, en sérstakar ástæður lágu til þess, að svefn og draumar hlutu að verða mér íhugunarefni öðru fremur. Virtist mér sem það mundi skipta mjög miklu fyrir sáluvísindin, ef unnt reyndist að ráða gátu draumlífsins. Og er nú fyllilega í ljós leitt, að mér skjátlaðist ekki þar, öðruvísi en á þann hátt, að ráðning þeirrar gátu hefir reynst ennþá miklu þýðingarmeiri en mig gat grunað, þegar ég tók mér hana fyrst að viðfangsefni. Því að hér ræðir um upphaf nýrrar aldar í sögu þekkingarinnar. — Sbr. bókarheitið Nýall. — Og er að vísu upphaf þetta stórum þýðingarmeira en nokkurt áður, þar sem það er, að þessu sinni, líffræðin sem færð er út, þannig að hún getur orðið að alheimsvísum, líkt og eðlisfræði og efnafræði áður. En hinum merkustu náttúrufræðingum hafa á þessum síðustu tímum oft fundist orð um, hve bagalega líffræðin væri orðin afturúr í samanburði við þá þætti vísindanna sem fást við hina líflausu náttúru. Vona ég, að gjörla megi skilja af því sem síðar

segir, að þar hefir síst verið ofmælt. Því að sjálf tilvera mannkynsins á þessari jörð mun reynast vera komin undir þeirri aukningu þekkingar, sem ráðning gátu draumlífsins er eins og nokkurskonar inngangur að.

Það hefir reynst mér torsótt að fá menn til að snúast við þessu máli eins og þarf. Og er slikt að vísu einmitt það sem við mátti búast á jörð, þar sem helstefnan ræður. Því að hin þó svo afarnauðsynlega sókn fram til þekkingar, á litlum vinsældum að fagna á slíkum stöðum. Og þá síst einmitt sú þekking sem ekki verður án verið, ef á að geta tekist að breyta um stefnu. Sú þekkingarleit sem mest fylgi hefir og mestan framgang, er sú sem helst miðar til flýta fyrir fullkomnum niðurlögum helstefnumannkyns, eins og svo greinilega hefir komið í ljós á þessum síðustu tímum. Og erfiðleikarnir á að meta upphafssannindi hinnar bjargandi stefnubreytingar, aukast vitanlega að mun, þegar sá sem þau flytur, er eins lítill maður á mælikvarða auðs og virðinga og dr. Helgi Pjeturss. Og þar að auki Íslendingur. Ég veit að íslenska þjóðin mundi með prýði vilja meta æviverk þess Íslendinga sem heimsuppgötvanir hefði gert — ef því aðeins hefði verið lokið af, að kvelja úr honum lífið á einhvern hátt. Allt öðru máli væri að gegna um mann sem enn væri á lífi. Þá þætti betur við eiga, að sem mest sinnuleysi væri um verk hans; og sumir mundu jafnvel telja það skemmtilegt, að taka þátt í, ef leitast væri við að koma því orði á slikan mann, að hann væri nú raunar enginn vitringur, heldur vitfiringur. En allir vita, hvílikt snjallræði það þykir á þessum tímum, ef mikill hugur er á að rýra álit einhvers, að reyna þá að fá menn til að halda, að hann sé geðveikur, — eða sálsjúkur, svo að ég notið það orð sem nú virðist vera orðið mönnum tamara —.

Í samnefndu erindi sem útvarpað var (af plötu) á síðasti liðnu sumri, og að verulegu leyti má telja frumdrög ritgerðar þessarar, var samanburður nokkur sem ég vil ekki láta niðurfalla hér, af því að ég tel víst, að hann geti orðið gáfuðum lesendum nokkur hjálp til að tortryggja með varúð mál

mitt. Ég hafði þar borið saman nokkurn hluta þess verks míns sem viðurkenndur er, eða þar sem niðurstöðunum verður ekki með rökum móti mælt, við það sem sumir hinir ágætustu vísindamenn íslenskir (og raunar nokkrir útlendir líka) hafa unnið á sömu sviðum. Ég hygg að enginn dáist meira að próf. dr. Þorvaldi Thoroddsen og próf. dr. Birni M. Ólsen en ég, og ég efast ekki um, að rétt sé að telja þá í röð fremstu fræðimanna, ekki einungis þegar á Ísland er litið, heldur á öllum Norðurlöndum. Þegar próf. Þorvaldur hóf rannsóknir sínar hér, hafði hann fremur öllu öðru í huga að reyna að ráða þá gátu sem „Palagonitformation“ var nefnd, og mjög torráðin hafði reynst, en eins og svo ágætlega hefir komið í ljós síðan, var álitið að mjög þýðingarmikið mundi vera fyrir jarðfræði Íslands að skilja. Professor Þorvaldur var jafn fjarri því að hafa ráðið þessa gátu þegar hann lauk rannsóknum sínum hér á landi, eins og þegar hann hóf þær, og má af því marka, að sú ráðning muni ekki hafa legið laust fyrir. Því að hitt væri alveg rangt, að ætla að kenna þetta árangursleysi því, að dr. Þorvaldur hafi aðeins verið lítilsháttar jarðfræðingur. Eins og auðvelt er að sýna framá. Hinar nýju athuganir mínar í þessu efni hafa leitt í ljós að 9/10 hlutar hins svo afarþýðingarmikla ísaldartímabils höfðu verið gersamlega ókunnir hér á landinu sem kennt er við ís. Og nú vill svo skrítilega til, að einmitt sumir aðalfrömuðir ísalfafræðinnar höfðu komið hingað til lands og haft þessar bergtegundir fyrir augunum, án þess að þekkja þær, af því að hér hafði nokkuð komið til, sem gerði þær talsvert frábrugðnar tilsvarandi bergtegundum í löndum sem þessir merku jarðfræðingar höfðu skoðað. Það er því ekki að gera lítið úr próf. Þorv. Thoroddsen, þó að bent sé á, að hann hafi í þessu efni ekki verið framar en hinir stórmerku útlendu jarðfræðingar, sem höfðu reynt sig á þessari sömu gátu.

Nokkuð þessu svipað má segja um annan af mestu gáfumönnum meðal íslenskra vísindamanna, dr. Björn Ólsen. Hann hafði sérstaklega tekið sér fyrir hendur að reyna að sanna, að Egils saga sé eftir Snorra Sturluson. En honum

tókst ekki að færa fullar sönnur á þetta mál sitt, af því að hann þekkti aldrei málfar Snorra, fremur en Þoroddsson hafði þekkt alveg sérstaklega íslenska og fræðilega sérstaklega áríðandi bergtegund. Það sem olli var hið sama hjá báðum þessum merku fræðimönum. Þeir gerðu ekki nógú góðan samanburð. En ég hefi sýnt framá hin sérstöku einkenni á máli hins íslenska höfuðsnillings þannig, að ekki verður móti mælt, og um leið numið nýtt rannsóknasvæði handa þeim sem leggja stund á íslenskt mál og íslenskar bókmennir, líkt og ég hafði áður gert fyrir þá sem stunda jarðsögu Íslands. —

Ég er nú að vísu kominn á raupsaldurinn, en það væri þó rangt, ef menn vildu meta það sem nú var sagt, frá því sjónarmiði, fyrst og fremst. Ég er umfram allt að segja þetta til þess að þeir, sem á annað borð vilja nota skynsemina þar sem ég á í hlut, eigi hægara með að skilja, að það er ekki allskostar viturlegt að gera sér í hugarlund, að ekki þurfi að taka mark á því sem ég segi um niðurstöður rannsókna sem ég hefi stundað mikinn meiri hluta ævi minnar, af þeirri ástæðu einni, að þær eru mjög á annan veg en það sem framúrskarandi vísindamenn útlendir telja sig hafa fundið. Uppgötvunarí mínar á eðli draumlífsins eru gerólíkar niðurstöðum hins heimsfræga Freuds, sem talinn er vera brautryðjandi í þessum efnunum, öllum öðrum vísindamönum fremur. Býsna frægt er einnig orðið það sem Dunne hefir skrifað um þetta efni (*An experiment with time, o. fl.*); en ég leyfi mér þó að fullyrða, að ráðningu hinnar miklu gátu er ekki fremur í hans ritum að finna, en Freuds. Það er líklega óhætt að segja, að mér hafi tekist að ráða þessa svo afarþýðingarmiklu gátu, sem svo fjölmargir hafa reynt sig á, vegna þess, að ég hefi gert betri samanburð á svefnvitund og vökuvitund en áður hafði verið gerður. Kemur þar til greina hið sama og þar sem um var að ræða athuganir mínar í jarðfræði Íslands og á íslenskum sögustíl. Og eins og vikið er að í þeim kafla Framnýals, sem heitir „*Sannfræði og vanfræði um eðli drauma*“ (s. 88), þá getur hver vel greindur maður, sem færa vill sér í nyt leiðbeiningar mínar, af eigin efnunum

gengið úr skugga um, að það er rétt, þegar ég segi að draumlífið sé fyrst og fremst sambandseðlis. Rétt er einnig að benda á, hve mjög það má nota sem mælikvarða á sannleiks-gildi uppgötvana, að hve miklu leyti þær veita nýja útsýn, leiða í ljós nýja möguleika til að auka þekkingu; og satt að segja held ég, að í allri sögu vísindanna sé ekkert, sem í því efni getur komist til jafns við uppgötvun mína á hinu sanna eðli draumlífsins. Eða á draumgjafanum, eins og segja má, ef menn vilja með einu orði gefa til kynna mjög þýðingarmikið atriði þeirrar uppgötvunar. Því að draumlífið er svo fjarri því að vera klofnunarástand, að það er meðvitund, yfirleitt taugaástand einhvers annars, sem framleiðist í sofandanum, undir stjórn þess náttúrulögmaðs, sem ég hefi fyrstur fundið, og nefni stillilögmaðið (Lex determinantium; law of determinants). Það er þetta sem skapar draumlífið. Og áður en menn vita af draumgjafanum, er eðli draumlífsins, í raun réttri, gersamlega ókunnugt. Ýmsum kann að virðast það furðu gegna, að íslenskir menntamenn skuli ekki hafa gefið uppgötvun minni á eðli draumlífsins meiri gaum en orðið er, og t. d. glögglega má marka af bókinni um „Undur veraldar“, þar sem ýmislegt má lesa, er þetta mál snertir, án þess nokkurntíma athugasemd frá þýðanda beri því vitni, að honum sé kunnugt um þá nýjung sem hér á landi er fram komin í þessum efnum. En þó er þetta ekki svo mjög að furða. Þannig hefir vanalegast verið, jafnvel þar sem þekkingarinnar menn hafa átt stórum auðveldara uppráttar en hér á landi, að líttill gaumur var í fyrstu jafnan gefinn einmitt þeim uppgötvunum og hugsunum, sem hvað helst horfðu til framfara. Og þetta er jafnvel miklu alvarlegra en í fljótu bragði kann að virðast, því að þar er um að ræða eitt af aðaleinkennum helstefnumannkyns, einmitt það sem veldur því öllu öðru fremur, að svona lengi getur dregist að unnt verði að breyta framvindunni á einhverri jörð til þess horfs sem er lífstefnan, og stundum getur jafnvel alveg komið í veg fyrir, að sú breyting verði. En það þýðir hörmulegan og herfilegan endi á einhverri mannkynssögu.

VIII

Þó að uppgötvun minni á eðli draumlífsins hafi ekki verið meiri gaumur gefinn en orðið er, þá er það alveg víst, að hún verður ekki með rökum vífengd. Óyggjandi athuganir eru til sem ótvíraðlega sýna, að sofandi manni getur borið í drauma það sem í raun réttri kemur fyrir einhvern sem vakir. Má um þetta lesa í þaraðlútandi köflum í Nýal og Framnýal, en ég ætla þó hér að nefna eitt mjög skemmtilegt dæmi, sem bæði er mjög auðskilið og einnig hefir þann kost, að lítið fer fyrir því. Danskan ritstjóra, sem heima átti í nánd við dýragarðinn í Kaupmannahöfn, dreymir einn morgun, að hann sé staddir úti þar í garðinum, og atvikaðist þá svo, að hvítabjörninn bítur hann, á þeirri sömu stundu sem einmitt þetta kemur í raun og veru fyrir vin hans, forstjóra gardísins, sem kemur síðan í hús ritstjórans, sennilega til að fá bráðabirgðaaðgerð við sárið. Þarna er mjög auðvelt að átta sig á því, að garðstjórinn hafði orðið draumgjafi ritstjórans vinar síns. Og mætti fleiri dæmi telja, sem óyggjandi eru, svo að það virðist mega telja líklegt, að það sé ekki mjög sjaldgæfur viðburður hér á jörðu, að þannig samband kemst á manna á milli, að einhverjum þykir í svefni sem komi fyrir sig, það sem í raun réttri kemur fyrir einhvern, sem vakir. En þó tel ég mig geta sagt með vissu, eftir svo margra ára athuganir á þessu máli, að draumgjafinn er vanalega ekki samjörðungur vor, sem þessa jörð byggjum, heldur á heima á einhverri annarri jarðstjörnu alheimsins. Það mun sannast, að það er engu síður áreiðanleg vísindaleg uppgötvun, að lífsamband á sér stað stjarnanna á milli, heldur en sú svo afarmikilsverða þekkingaraukning, sem varð seint á 17. öldinni, þegar það var uppgötvað hvað það er, sem stjórnar heimsrás hnattanna í geimnum. Og það er ekki ofsagt, að þessi fróðleikur um samband vort í svefni við lífið á öðrum jarðstjörnum alheimsins er býsna merkilegur og opnar oss hina furðulegustu útsýn. Meðal annars gerir þessi skilningsauki það að verkum, að miðilsástandið og allt, sem í sambandi við það gerist, hættir að vera óskiljanlegt og dulrænt. Miðilsástandið er ekkert annað en afbrigði nokkurt vana-

legs svefns, og andinn svonefndi, er spíritistar halda svo vera, sem talar af munni hins sofandi miðils, er ekki neinn klofningur úr meðvitund hans, eins og sálfræðingarnir og geðveikralæknarnir halda, heldur svarar til draumgjafans, sambandsverunnar í vanalegum svefni. Og vér þurfum ekki að efa, að þegar draumgjafinn, sem talar uppúr svefni miðilsins, segist vera einhver framliðinn, þá segir hann — vanalega — satt. Og eins, þegar hinn framliðni, sem orðið hefir draumgjafi miðils, segir, eins og stundum kemur fyrir, þó að því hafi lítil eftirtekt verið veitt, að hann eigi ekki heima í neinum andaheimi og sé ekki andi, heldur líkamlegur íbúi annarrar jarðstjörnu.

Uppgötvunin á eðli draumlífsins færir oss þannig ekki einungis hina stórfurðulegu vitneskju um samband vort við lífið annarsstaðar í heimi, heldur einnig þá, að þessir íbúar annarra jarðstjarna, sem vér fáum samband við, eru oft, og að miklu leyti, framliðnir af þessari jörð, einhverjur sem hér á jörðu hafa lifað og dáið. Því verður ekki neitað, að hér er um allmiklu stórkostlegri og þýðingarmeiri útfærslu þekkingar að ræða en þá, sem hin svo fræga draumafræði Freuds veitir oss. Hinn rétti skilningur á eðli draumlífsins verður til þess, að vér getum fært hugmyndirnar um líf eftir dauða, eða framlíf, er ég hefi svo nefnt, af sviði trúarinnar yfir á svið vísindanna. Því að hér ræðir um það, sem ekki með neinni skynsemd er hægt að vífengja. Oss veitist í þessu efni sá stórkostlegi stuðningur, að draumgjafinn, sem talar af munni hins sofandi miðils, hefir stundum sagt til sín þannig, að hann væri maður enn á lífi hér á jörðu, og að unnt hefir reynst við eftirgreßnslan, að ganga úr skugga um, að þetta var satt, og að þessi draumgjafi, sem stundum reyndist eiga heima í annarri borg landsins, þar sem miðilfundurinn var haldinn, stundum í annarri heimsálfu, hefir rétt sagt af högum sínum, þegar það var þó maður, fjarlægur honum, sem talaði uppúr svefninum. Því verður ekki móti mælt, að þetta er býsna furðulegt og ótrúlegt, en ýmis dæmi hafa verið vel rannsókuð. Og er eitt sérstaklega fróðlegt dæmi það, er enskur hermaður, sem lá sjúkur austur á Indlandi, kom

fram sem draumgjafi, eða andi, eins og spíritistar mundu segja, á miðilfundí, sem haldinn var á Englandi. Fjarlægðir slíkar sem hér á jörðu gerast, virðast ekki koma til greina, þegar um draumgjafasambandið er að ræða; og er það oss enn nokkur hjálp til að átta oss á því, að fjarlægðirnar milli hnattanna í himingeimnum geri það heldur ekki.

ENN ER ÓTALIÐ ÞAÐ SEM ÞÓ ALLRABEST ÆTTI AÐ GETA GREITT FYRIR SKILNINGI Á ÞVÍ, AÐ ÞAÐ, SEM SÁLFRÆÐINGAR OG SÁLSÝKISFRÆÐINGAR TELJA KLOFNUN MEÐVITUNDARINNAR, ER Í RAUN RÉTTRI SAMBANDSÁSTAND. ERU ÞAÐ TILRAUNIR HINS FRÆGA ENSKA VERKFRAÐINGS V. N. TURVEYS. LÆT ÉG NÆGJA AÐ SEGJA HÉR FRÁ ÞEIRRÍ TILRAUNINNI, SEM MÉR VIRÐIST FRÓÐLEGUST. TURVEY LÁ Í RÚMINU, VEIKUR AF KVEFI, OG LEITAÐIST VIÐ AÐ GERA VART VIÐ SIG Á MIÐILFUNDI, SEM HALDINN VAR Í ÖÐRU HÚSI, EN Í SÖMU BORG. OG VITI MENN. TURVEY KOM FRAM Á FUNDINUM SEM DRAUMGJAFI MIÐILS-INS. ÞETTA FURÐULEGA KOM Í LJÓS, AÐ HINUM SOFANDI MIÐLI FANNST HANN VERA TURVEY. VÆRI HANN BEÐINN AÐ SKRIFA NAFN SITT, ÞÁ SKRIFAÐI HANN EKKI SITT EIGIÐ NAFN, HELDUR TURVEYS, OG AÐ VÍSU MEÐ MJÖG LÍKRI RITHÖND. OG MIÐILLINN FÉKK JAFNVEL SNERT AF KVEFSTING OG HÓSTA TURVEYS.

AÐHUGANIR ÞESSAR ERU VEL VOTTFESTAR, SVO AÐ ENGIN LEIÐ VIRÐIST VERA AÐ VÉFENGJA ÞÆR. OG VISSULEGA ER ÁSTÆÐA TIL AÐ FURÐA SIG Á ÞVÍ, AÐ ÞÆR SKULI EKKI HAFA VAKIÐ MEIRI EFTIRTEKT EN ORÐIÐ ER, SVO GEISIFRÓÐLEGAR SEM ÞÆR ERU. SANNAST ÞAR ENN, HVE ÓTRÚLEGA SKILNINGSSLJÓVIR MENN GETA VERIÐ, GAGNVART EINMITT ÞEIM NÝJU UPPGÖTVUNUM SEM ALLRAÞÝÐINGARMESTAR ERU. OG ÞAR SEM UM ÞESSAR RANNSÓKNIR TURVEYS ER AÐ RÆÐA, ER JAFNVEL ALVEG SÉRSTÖK ÁSTÆÐA TIL AÐ UNDRAST SLJÓVLEIKANN. ÞVÍ AÐ ÞAÐ VIRÐIST ÞÓ Í FREMSTA LAGI LÍKLEGT, AÐ ÞÆR NÝJU UPPGÖTVANIR Í NÁTTÚRVÍSINDUM VEKI EFTIRTEKT, SEM EINNA HELST MÁ TELJA SENNILEGT, AÐ Í LÆKNISFRÆÐINN GETI ORÐIÐ AÐ NOTUM. EN HVAÐ GETUR VIRST SENNILEGRA EN ÞAÐ, AÐ EF VEIKINDI EINHVERS MÁ Á ÞANN HÁTT, SEM AF ER SAGT, FRAMLEIÐA Í ÞEIM, SEM HRAUSTUR ER, ÞÁ GETI EINS ORÐIÐ Á HINN VEGINN. VIRÐIST ÞAR OPNAST ÚTSÝN TIL MJÖG ÁHRIFAMIKILLA LÆKNISAÐGERÐA, ÞEGAR ÞESSU MÁLI VERÐUR TIL FULLS KOMIÐ Á BRAUT VÍSINDANNA.

IX

Síðasti kafli bókarinnar um „Undur veraldar“ er ekki síst fróðlegur og skemmtilegur, og þó vel lagaður til að glæða skilning vorn á því, hvernig helstefnan ræður ennþá í vísindum jarðar vorrar. Eða, svo að komist sé að orði þannig, að síður geti hlottist af misskilningur: hversu ólíkleg vísindi jarðar vorrar eru, enn sem komið er, til að sigra helstefnuna. Lokakafli þessi, sem dr. Símon Jóh. Ágústsson hefir þýtt, er eftir hinn heimskunna enska lífeðlisfræðing J. B. S. Haldane, og heitir: „Dómsdagur. Vísindamaður spáir um framtíð mannsins“ (þ. e. mannkynsins). Kemur í spá þessari greinilega í ljós, ekki einungis hinn mikli lærðómur og hugsunarskarpleiki hins fræga höfundar, heldur einnig, að það er helstefnumannkyn, sem hann er að spá fyrir. Enginn grunur kemur í spá þessari fram um hinum tvær stefnur framvindunnar, og þá heldur ekki um það að mannkyn vort geti tekið stefnuna til lífsins. Hinn mikli lífeðlisfræðingur talar um Opinberunarþrópið bibliunnar sem aðdáunarverða, en vel hefði mátt nefna Völuspá líka og ekki vottar fyrir neinum grun um það, hvernig slíkar heimsendisspár eru til komnar.

„Jörð vor er einungis einn dropi í útsæ alheimsins,“ segir Haldane, og verður að því að finna, að þar er alltof mikið gert úr stærð jarðarinnar; eins og auðvelt er að sýna framá. Svante Arrhenius, hinn heimsfrægi sánski eðlisfræðingur, segir að jörð vor sé, þegar tekin er til samanburðar, ekki alheimurinn, heldur „aðeins“ Vetrarbrautin, ámóta stór og eitt ódeili (atom) í samanburði við allan jarðhnöttinn. En í einum vatnsdropa eru milljónir af ódeilum — eða þódeilum, eins og menn vita nú að réttar væri að orði komist. Og þó að Vetrarbraut vor, sem í eru milljónir milljóna af himinhnöttum — sólum og fylgihnöttum þeirra — sé óskiljanlega stórt heimshverfi, þá eru samt yfirgnæfandi líkur til þess, að of mikið væri úr henni gert með því að segja, að hún sé í alheiminum ámóta mikil og einn dropi í útsænum. —

Haldane segir, að áætlað sé „að vetrarbraut vor endist enn a. m. k. 80 milljónir milljóna ára“. En þó að sú tímalengd

sé býsna mikil, virðist mér nokkur ástæða til þess að ætla, að of óriflega sé ágiskað. Það virðist ekki ósennilegt, að stjörnufræðingar hafi rétt fyrir sér í því, að aldur hverrar sólar verði að telja í milljónum milljóna af árum, eigi allfáum. En ein sól, og jafnvel þó að vér höfum þær allra stærstu í huga, er svo örlíttill hluti einnar vetrarbrautar, og sólir einnar vetrarbrautar virðast vera svo fjarri því að vera allar jafnöldrur, að erfitt er að komast hjá þeirri ályktun, að aldur einnar vetrarbrautar hljóti að vera margfaldlega miklu lengri en aldur einstakra sólina. En það er ekki þýðingarlaust fyrir lífsskoðun vora, að vér reynum til að gera oss grein fyrir mikilleika heimsins, eins og vikið er á í fyrsta kafla Framnýals.

Þá segir Haldane ennfremur: „Ég get ímyndað mér, hvernig mannkynið mundi verða eftir 40 milljónir ára, þar sem forfeður mansins fyrri 40 milljónum ára voru spendýr, sennilega auðþekkjanleg sem apar.“

En þar við er að athuga, að hér dugar ekki að segja með Ibsen: „Atter og fram, det er lige langt.“ Svo greinileg aukandi (crescendo) er í breytingunum á lífinu hér á jörðu. Hið sennilega er, að á næstu 4 milljónum ára mundu verða meiri breytingar á jarðlífínus en orðið hafa á 400 milljónum ára áður. Eða jafnvel þó að lengri tími væri tiltekinn.

Margt fróðlegt segir Haldane um framtíð mannkynsins eins og hann heldur að hún muni verða, og er ekki ólíklegt, að þar geti ýmislegt verið nærrí réttu, þegar um er að ræða framtíð helstefnumannkyns. En að vísu þó ekki sliks helstefnumannkyns, sem vora jörð byggir. Því að það má segja með vissu, að ef ekki tekst að breyta um stefnu hér á jörðu á næstu áratugum, þá á mannkyn vort ekki langa sögu framundan; og má meðal annars marka það af því, hve mjög miklu meir mönnunum fer fram í mætti til að eyðileggja, heldur en til að byggja upp.

Mjög eftirtektarverð er frásögn Haldanes af því hvernig framtíðarmannkynið muni ráðast í landnám á öðrum jarðstjörnum himingeimsins, þegar vor jörð fer að verða óbyggileg. Nú er að vísu hugmyndin um framtíðarmannkyn vort

sem landnema í himingeimnum ágæt, og hana er að finna — ég veit ekki nágu vel hvort óhætt er að segja: fyrst að finna — í hinni dásamlegu aldaskiptabók Winwood Reades, sem kafli er um í Framnýal. En slæmur misskilningur er það, að ferðast verði um stjörnugeiminn á einhverskonar loftförum, a. m. k. þegar voru eigin sólhverfi sleppir, svo að sem allra varlegast sé til orða tekið. Það sem flyst þegar farið er til annarrar stjörnu, er ekki líkaminn, þ. e. þetta samsafn af efnum úr jarðhnéttinum sem hefir, og þó aðeins á ófullkominn hátt, verið undir yfirráðum þess, sem vér nefnum líf. Það sem flyst er hæfileikinn til að gera sér nýjan líkama af jarðefnum annarrar stjörnu; og svo ýmislegt, sem þar með fylgir.

Menn mega reiða sig á að hér er um vísindi að ræða, eða frumdrög til vísinda — svo að orðum sé sem best í hóf stillt — en ekki neinar „grillur“, eins og einhver virðist hafa vilj-að halda fram, fyrir ekki alls löngu, að viðhöfðu þessu fáránlega útlenda orði (sem þýðir: höfuðórar). Sá ósiður er nú, því miður, að færast í vöxt, að nota í ritmáli ýmis útlend orð, þó að íslenskra sé kostur, og betri. Verður ekki hjá því komist að telja slíkt vott um nokkra spillingu hugarfarsins. Og í góðu samræmi er það við þá prentvilliöld sem nú er, og svo stórkostleg, að íslenskri menningu stendur beinn voði af. Ef svo fer fram, verða ekki mörg ár þangað til nauðsyn gerist nýrra orðabóka til að skýra það safn af orðskrípum, sem þá verður komið í staðinn fyrir það, sem nú er talið rétt íslenskt mál.

X

Frumhöfund á þessari framtíðarvísindabraut, sem ég er að benda á, mun vera óhætt að telja gríkska heimspekinginn Pyþagoras, sennilega einn af allra ágætustu vitringum, sem verið hafa á þessari jörð. Svo framúrskarandi er það, sem ágætast var í verki þessa vitrings, að það hefir jafnvel alveg farið framhjá heimspekingum síðari tíma. Þessa dýrmætu setningu hans: apó tón astrón tas psykhas tón zón feresþai (að lífið hér á jörðu sé komið frá stjörnunum), er ekki svo

ég viti til, að finna í neinni heimspekisögu síðari tíma; og raunar heldur ekki hjá hinum fornu heimspekingum, sem ritað hafa um Pythagoras: Diogenes Laertius, Jamblikhos og Porfyrios. Ég fann þennan gimstein heimsbókmenntanna fyrir meir en 20 árum, hjá kirkjuföðurnum Hippolytos. Þykir mér Hippolytos allra biskupa ágætastur, af því að hann hefir þannig forðað frá gleysku þeirri setningu, sem óhætt mun vera að kalla þá merkilegustu sem skrifuð hefir verið á grísku (og mér virðist mega telja mjög greinilega bendingu um, að þeir hafi rétt fyrir sér sem halda því fram, að Pythagoras hafi látið eftir sig rit). Hippolytos var uppi áður en háskólarnir í Aþenuborg og Alexandríu voru lagðir niður, og miðaldamyrkur vanþekkingarinnar lagðist yfir löndin. Biskup þessi var því vel lesinn í hinum fornu grísku bókmenntum, eins og sýnir sig í hinu fræga trúvarnarriti hans, þar sem hann tilfærir þessa setningu Pythagorasar. Og vitanlega í því skyni að sýna, hvað ímyndanir þessa heiðingja hafi verið vitlausar. En hann á nú þökk skilið samt, fyrir að hafa bjargað þessu stórkostlega andlega dýrmæti frá fullkominni gleysku. —

Pythagoras benti í hina réttu átt þegar hann talaði um lífsambandið milli stjarnanna. Það er á þeirri leið sem verður að halda áfram, ef á að geta tekist að breyta um hér á jörðu frá helstefnu til lífstefnu, og bjarga þannig framtíð mannkyns vors. En ef lífstefnan sigrar, þá verður ekki um hel að ræða framar. Þá mun ekki verða dáíð. Menn verða þá framliðnir án þess að nokkur dauði komi til; því að þeir munu þá, án þess að deyja, flytjast til fullkomnara lífs á einhverri annarri jarðstjörnu algeimsins.

XI

Það sem oss ríður á umfram allt, hér á jörðu, er að auka og bæta það samband vort við lífið á öðrum jarðstjörnum, sem nú þegar á sér stað í svefni, og kemur fram í draumlífi voru, eða öllu heldur skapar það. Vér verðum að færa oss í nyt þekkinguna á stillilögmalinu, bæði til að auka þetta samband vort, og einnig til að koma því í það horf, að ein-

göngu sé til góðra staða. Það er: samband við fullkomnari mannkyn á öðrum jarðstjörnum, og jafnvel við æðri lífverur en svo, að rétt sé að kalla mannkyn. Afleiðingarnar af slíkri fullkomnun lífsambandsins mundu verða hinar furðulegustu. Á skömmum tíma mundi oss jarðarbúum aukast svo þekking á eðli og tilgangi lífsins, að aldrei mundi framar nokkur styrjöld verða háð á þessari jörð. Og oss mundi fara ótrúlega mikið fram, ekki einungis að viti og þekkingu, heldur öllu atgjörvi. Tilstreymi þess kraftar, sem lífið er af, mundi aukast mjög, og líkamirnir verða miklu fegri og hraustari en nú er. Lífið er framkomið fyrir magnan jarðefna af orku nokkurri, sem eðlisfræðin hefir ekki haft kynni af ennþá, eða a. m. k. mjög ónóg. Það er vafalaust alveg rétt, þegar hinn ágæti spekingur Plótínus segir, að lifið sé magnan nokkur eða hleðsla — epakton gar zóe, eru hans eigin orð — og mun þá kenningu vera að rekja til Pythagorasar. Í því sem vér nefnum líf kemur fram tilraun einhversstaðar að, til að ná fullkomnari tökum á efninu, tilraun, sem ekki hefir tekist ennþá á þessum útjaðri sköpunarverksins, sem jörð vor er og vér sjálfir. Ef menn gera sér ljósan þennan tilgang lífsins, þá verður auðskilið að það væri engu skynsamlegra, ef gert væri ráð fyrir að í öllum alheimi væri ekki til líf nema á þessari jörð, heldur en að halda því fram, að ekki sé líf að finna nema í einum dropa af öllum sjó. En þó fer því furðulega fjarri, að jafnvel hinir vitrustu menn hafi skilið þetta. Má þar vitna t. d. í Anatole France, einn af frægustu rithöfundum frönskum. Hefir hann líkt lífinu við nokkurskonar myglu í sköpunarverkinu. Og var hann nú að vísu, þó að vitur væri, skáld meira en spekingur. Annað skáld, og þó einnig mikill vitringur, H. G. Wells, hefir svoritað, að vel gæti hugsast, að ekki sé til líf annarsstaðar í alheimi en hér á jörðu. Og mætti fleiri tilnefna, sem telja þetta líklegast. Og jafnvel einn af mestu heimspekingum nútímans, Bertrand Russell lávarður, hefir sagt, að svo virðist, sem lifið sé alveg aukaatriði í þessum mikla heimi. Og mjög hlaut það að styðja að slíkum misskilningi, þegar einn af frægustu stjarneðlisfræðingum, Sir James Jeans — sem

nú fyrir skömmu er kominn á aðra stjörnu — sýndi af ágætri stærðfræðilist framá, að langflestar af hinum mörgu tugum þúsunda milljóna af sólum, sem eru í vetrarbraut, mundu vera án fylgihnatta. Þarf ekki að efa, að reikningur hins mikla stærðfræðings hefir verið réttur. En undirstöðurnar, sem reikningarnir hafa verið byggðir á, eru rangar, segir stjörnufræðingurinn v. Weizsäcker, og kemst að þeirri niðurstöðu, að það sé hin mesta undantekning, ef einhver af hinum ótölulega grúa af sólstjörnum slíkra heimshverfa, sem nefnd hafa verið vetrarbrautir, sé án fylgihnatta. Og hinir dómbærustu menn telja, að v. Weizsäcker hafi rétt fyrir sér. En sí heimsfræði, sem komin er í samband við líffræðina, getur alveg án allrar stærðfræði, sagt að þetta er hið rétta.

Brúnó, sem líklega er óhætt að telja mesta heimspekinginn, sem á þessari jörð hefir lifað, hafði rétt fyrir sér, þegar hann sagði: „líf er á óteljandi jarðstjörnum alheimsins“. Lífinu, og nánar tiltekið, því lífi, sem viti er gætt, er ætlað að ná fullkomnum tökum á öllu efni alheimsins. Og þegar vér höfum uppgötvað lífsambandið milli hnattanna í himingeimnum, og erum farnir að sjá framá, hvernig það má auka og bæta, þá má heita auðvelt að gera sér nokkrar hugmyndir um þá furðulegu þroskabraut, sem framundan er, þegar mannkyni voru hefir tekist að breyta um frá helstefnu til lífstefnu. Þegar nokkuð væri komið áleiðis í þessum efnunum, mundu hinir fullkomnari íbúar annarra stjarna, geta komið í heimsókn hingað til jarðarinnar. Og það yrðu mestu hátiðir mannkynsins hér á jörðu, þegar slíkar heimsóknir gætu átt sér stað. Hver slík heimsókn, sem að vísu mundi þurfa að undirbúa mjög vandlega, mundi þýða tímamót til enn háleitari framfara en áður, hér á jörðu.

Ef menn vilja reyna til að gera sér grein fyrir lífstefnumannkyni framtíðarinnar, þá verða þeir að hugsa sér jörð, þar sem ekki einungis enginn er ljótur, heldur á engan hátt öðruvísi en fagur og fríður; enginn sjúkur, ekki einu sinni veill eða ósterkur; enginn illa innrættur, ekki einu sinni á nokkurn hátt öðruvísi en göfugur; enginn fávís, ekki einu

sinni ófróður um neitt af því, sem allt mannkyn varðar, eða sérstaklega kemur til hans að vita. Þá verður um að ræða jörð, þar sem menn eru færir um að vinna ótrúlega miklu merkilegri og stórkostlegri verk en unnin hafa verið hér á jörðu hingað til. Þó að munurinn, sem orðið hefir á afrekum mannkynsins frá því á steinöld, sé býsna mikill, þá verður þó munurinn frá því, sem nú er, ennþá miklu meiri, hjá því mannkyni, sem komið er á hina réttu leið.

Mather segir í áðurnefndri ritgerð sinni, s. 637: „Þótt mannkynið hafi tvöfaldast síðan 1860, er ákaflega ólíklegt, að það verði nokkurntíma helmingi fleira en nú. En það er talið nú um tveir milljarðar“.

Það er ekki ólíklegt, að þetta mundi reynast rétt, ef helstefnunni yrði haldið. Því að þá mundi skammt til næstu heimsstyrjaldar, og svo framhald af slíku, uns menningin væri komin í rúst og mannkynið á hraða leið til að líða algerlega undir lok, eins og svo margar lífategundir hér á jörðu áður. En ef það tekst að breyta um til lífstefnunnar, þá mun mannkyn jarðar vorrar, á ekki löngum tíma, margfaldast. Og nóg verður að vinna, þó að fjölgi, því að mikid mun þurfa að gera að jarðarbótum, áður hnötturinn er orðinn slíkt heimkynni lífsins, sem hann á að verða. Og mun sumt af því, sem gera þarf, virðast með öllu ómögulegt nú. En það mun verða vel fært, sem nú er algerlega ómögulegt, þegar mannkyn vort er farið að verða aðnjótandi leiðbeiningar og liðsinnis miklu fullkomnari mannkynja, sem aðrar jarðstjörnur byggja. Þá mun verða ráðist í að breyta fjallgörðunum, jafnvel hinum stærstu, ef þurfa þykir, og einnig höfunum. Og ekki munu þá goskraftar hnattarins fá að æða til skaða og skelfingar, heldur munu þeir verða notaðir í þjónustu hinna nauðsynlegu jarðarbóta. Mennirnir munu ráða veðurfarinu, og öllum öræfum verður breytt í yndislegar sveitir, nema ef svo skyldi vera, að menn vildu varðveita einhverja skika frá manndrápa- og eymdaröldunum, ef til vill vegna námsfólks.

Nú er lífsgleðin hér á jörðu á miklu hærra stigi hjá dýrunum, og þá einkum fuglunum, heldur en jafnvel hjá þeim

mönnum, sem farsælastir eru. En hjá lífstefnumannkyni, sem náð hefir tökum á lífmagnaninni, og heldur samtaka áfram á leið hinar sívaxandi fullkomnunar, mun farsæld komast á hærra stig heldur en jafnvel hjá þeim af fuglunum á jörðu vorri, sem af mestri kæti syngja. Og það verður ekki fárra ástand, eða þá aðeins sumra, heldur allra.

XII

Upphaf þessarar breytingar, sem verður svo óviðjafnanlega miklu stórkostlegri en nokkur, sem orðið hefir á þessari jörð hingað til, getur orðið hér á Íslandi. Hér á landi mætti koma upp fyrsta vísinum til vísindalegrar sambandsstöðvar við lífið á stjörnunum.

Háborg hét hjá hinum fornu Grikkjum, þar sem helst var leitað sambands við guðina. Var slikra staða frægust, háborg Aþenumanna, þar sem talið er að grísk byggingarlist og myndlist hafi náð hámarki. Oft kom mér í hug áður fyrr, að hér í Reykjavík væri tilvalinn staður að reisa slíka háborg, þar sem Öskjuhlíðin er, og að sú mundi geta orðið miklu frægari heldur en jafnvel frægasta háborg Grikkja. Nú eru á þeim stað komnar upp aðrar byggingar, og að vísu hinar þörfstu. En ekki þarf fyrir því að hverfa frá hugmyndum um háborg Reykjavíkur, þar sem menn gætu komið saman til að aukast að lífsafli og viti, fyrir aukið samband við lífmagnaðri verur, og jafnframt gengið úr skugga um, að þeir sem dánir eru lifa þó enn og þurfa ekki að vera oss tapaðir. Vér mundum á slíkum stað bæði geta fengið fréttir af þeim og því lífi, sem þeir lifa, og á stundum jafnvel séð þá og heyrt. Og vér mundum þarna geta orðið þeirrar lífsörvunar aðnjótandi, sem menn leita nú eftir með svo ófullkomnum og stundum jafnvel alrögnum aðferðum, og því árangurslítið, eða jafnvel með gagnstæðum árangri við það sem sóst er eftir.

Og býsna fróðlegar myndasýningar mundu þar geta farið fram, og vænlegar til að kenna oss þá lífernисfræði, sem mannbyn vort svo mjög vanhagar um, enn sem komið er. Það mætti gjörsýna oss hvernig lífi ýmsir höfðu lifað hér á

jörðu, og hvernig líf þeirra, eftir að á aðra jörð er komið, framlífið er ég nefni svo, var afleiðing af því, hvernig þeir höfðu hér lifað. Mundu menn þá geta gengið alveg úr skugga um það, hvernig afleiðingarnar af breytni manna gagnvart öðrum, illri eða góðri, koma með mestu nákvæmni fram við þá sjálfa, þegar „yfirum“ er komið. Mundu slíkar sýningar verða hin besta hjálp til að læra hina réttu lífernismræði. En án þess, að um nákvæma þekkingu sé að ræða á því, hverskonar framlíf leiðir af hverju einu frumlifi getur hin réttu lífernismræði ekki orðið til. — Sjálft það orð er svo greinilegur vottur um ágæti íslenskrar tungu og ber svo langt af tilsvarandi orðum á öðrum tungumálum, sem mér er kunnugt um, að það gæti nálega verið ástæða til, þó að ekki væri nema vegna þess, að láta sér ekki koma svo mjög á óvart, þó að frumdrög einhverra mjög merkilegra nýjunga í þeim fræðum, ættu upptök sín einmitt hér á Íslandi.

XIII

Það var vorið 1914, sem ég komst að þeirri niðurstöðu, að komið væri að aldaskiptum í sögu mannkynsins, meiri en nokkur hefðu verið áður, og að jafnvel alveg yfirvofandi væru stórtíðindi af allraverstu tegund. Kom brátt í ljós, að mér hafði þar ekki missýnst. Á næstu árum glöggvaði ég mig svo betur á þessu máli. Ég skildi, um hverskonar tíma-mót er að ræða, og að sjálf tilvera mannkynsins er undir því komin, að þau takist rétt. Og mér virtist sú ályktun óum-flýjanleg, að hætturnar í framvindusögu mannkynsins mundu fara vaxandi, ef þessu máli væri ekki sinnt. Í febrúar 1922 er þetta skrifað: „Það er rétt að ég segi nokkuð af því, hvernig fara mundi, ef mistækist þessi tilraun, sem nú er verið að gera til þess að breyta stefnu viðburðanna og koma heiminum í rétt horf. (P. e. lífstefnuhorfið, er ég nefni svo nú.) ... Sennilega mundi fyrir miðja öldina geysa styrjöld, sem fylgdi ennþá miklu meiri hörmungar en yfir hafa gengið síðan 1914“. (Nýall, s. 345).

En fyrir nálega 20 árum, á nýjársdag 1927, er þetta skrif-að: „Og ef það (að sannleikurinn sigri) drægist fram til

miðrar þessarar aldar, þá mundu verða verri tíðindi en nokkur, sem orðið hafa enn í sögu mannkynsins“. Ennýall, s. 181. — Þarna virtist mér ég vera farinn að skilja svo glögg, að ekki væri framar rétt að viðhafa nokkur varnaglaorð, eins og „ef til vill“, eða „sennilega“. Hygg ég, að hver vitur maður hljóti að vera mér sammála um það, að viðburðarás-in hér á jörðu, síðan nýjársgrein þessi var rituð, bendi mjög sterkelega í þá átt, að þessi dirfska míin um orðalag hafi ekki verið nein fíflendirfska. Ég veit líka, að margir munu skilja, að það er ekki af eintómri fordild eða eicingirni, sem mér fellur þungt, að máli mínu hefir ekki verið meiri gaumur gefinn en orðið er ennþá. Hefi ég nú að vísu ekki getað unnið að framgangi þessa máls af þeim dugnaði, sem mér hefði verið skapi næst. Valda þarum mestu erfiðleikar mjög illkynjaðir og breytandi, sem þó ekki hefðu burft að vera, ef sumir menn hefðu hirt um að reynast mér nokkru betur. Og virðist að vísu nálega óskiljanlegt, hve illa menn hafa reynst mér, þegar þess er gætt, hve augljóst það er, að maður eins og ég mundi ekki árum saman hafa neinn fyrir röngum sökum, og að það má reiða sig á, að eins orðgóður maður og ég er, muni ekki kalla neinn varmenni og stórglæpamann, ef hann ekki er það, og að ég muni heldur ekki segja, að ég hafi fulla vissu fyrir því, að einhver sé á lífi, ef ég hefi það ekki. Svo langt hefir niðingsskapurinn gagnvart mér komist, að reynt hefir verið að koma á mig því orði, að ég sé geðveikur, og þá vitanlega fyrst og fremst að greindin sé biluð. Einhverri framtíð mun nú að vísu þykja þetta býsna ótrúlegt, þar sem á í hlut maður, sem nú einmitt hefir unnið nokkuð sjaldgæf greindarafrek. En muna verður, að vér erum hjá helstefnumannkyni — sem ennþá er — þar sem sannleikurinn, og það einmitt sá sannleikur, sem mest riður á að fyrirlíta ekki, er oft sorglega og skaðlega lítils metinn.

Og skal þá aftur snúið að meginmálinu.

XIV

Fyrir rúnum 30 árum veit ég ekki til að sá skilningur væri til annarsstaðar en hér á Íslandi, að komið er að hinum

mestu úrslitaaldaskiptum í sögu mannkyns vors. En nú er mjög öðru máli að gegna. Nú eru hinir dómbærustu menn farnir að halda, að það sem nú hefir verið að gerast, og er, sé einmitt þesskyns tilindi, og enginn mun bera á móti því, að hætturnar á braut mannkynsins hafa farið vatnandi, jafnvel langt framyfir það, sem hugsanlegt hafði virst. Ég get nú, máli mínu til sönnunar vitnað í orð sumra hinna merkustu manna. Nefni ég þar fyrstan H. G. Wells, er einn af allra frægustu rithöfundum hefir verið á enska tungu, um mína daga. Hann dó í sumar sem leið, nokkrum vikum áður hann hefði orðið átræður. Hann var náttúrufræðingur að menntun, og sérstök ástæða til að nefna hann í þessu sambandi, því að hann ástundaði öðru fremur, að gera sér grein fyrir því, hvernig framtíð mannkynsins gæti orðið og mundi verða. Og í snilldarbókum, mest skáldsögum eða skáldsögukenndum — eins og „A modern Utopia“ — hefir hann sagt frá niðurstöðum sínum. Ég hefi, því miður, ekki séð þessa síðustu bók hans, sem ég ætla hér að vitna í, aðeins séð hennar getið, í tímaritinu „Light“, og, mun rækilegar, í Lesbók Morgunblaðsins 31. mars síðastliðinn. Og nægir það að vísu alveg til að skilja, hvert muni vera aðal-efni þessarar bókar hans eða ritgerðar. „Mannkynið er komið að leiðarlokum“, segir Wells, samkvæmt þýðingu Morgunblaðsins, „skapadægur alls þess sem lifað hefir á jörðinni(?) er yfirvofandi og verður ekki umflúið“. Og enn fremur segir hann, og er þar vissulega stórviturlæg til orða tekið. „Algerlega nýtt viðhorf hefir skapast, viðhorf, sem mannlegt hyggjuvit hefir ekki fyrr gert sér neina hugmynd um, og stendur þannig alveg berskjálðað fyrir. En samt er kraftur þráans svo mikill, að menn hugsa sér að leita útgöngudyra ... en hér finnast engar útgöngudyr“. Og enn segir: „Heimspekingurinn veit það eitt, að allt er í óvissu, og honum er það eitt ljóst, að skapadægur lífsins er skammt undan“. Og enn: „Það hefir verið regla, að sagan endurtaki sig, en á því furðulega tímabili, sem nú fer í hönd, eru engar líkur til að sagan endurtaki sig. Mannkyninu miðar lengra og lengra út í myrkur.. Gegn því mun það þó berjast af með-

fæddum þráa, en baráttan hlýtur að enda með ósigri þess ... Heimurinn er nú eins og skip, sem strandað hefir í myrkri á ókenndri klettaströnd ... Mannvitið er komið að þrotum, en gerir þó seinustu tilraun til þess að komast áfram, þar sem raunar engin leið er. Þetta er hið eina, sem mannvitið getur gert, en er þó gagnslaust. Þessi seinustu umbrot munu sanna, að engin leið er útúr ógöngunum, hvorki til hægri né vinstri né heldur beint áfram“.

Þetta segir nú Herbert Wells.

Annar höfundur stórmerkur, sem ég get vitnað í, er dr. Harold C. Urey, mjög mikils metinn eðlisfræðingur, Nóbelsverðlaunamaður, ef ég man rétt, og í fremstu röð þeirra, sem komu því til leiðar með rannsóknum sínum, að kjarnorkusprengjan gat orðið til. Frumritgerð dr. Ureys hefi ég heldur ekki séð, aðeins styttar þýðingar, í blöðum þeim, er heita „Fálkinn“ og „Tíminn“.

Eftir dr. Urey er þetta haft: „Þetta er í sannleika sagt, fyrsta ár kjarnorkualdarinnar. Upphaf hennar hefir verið óheillavænlegt til þessa. Við megum engan tíma missa (þ. e.: við verðum að nota tímann vel) ef við ætlum að halda lífi framá fimmta, hvað þá tíunda kjarnorkuárið ... Ef við lærum ekki að hagnýta okkur hjálpræði samvinnunnar, þá verður það ekki Evrópa ein, heldur allur heimurinn, sem liggar í rústum...“

Grein dr. Ureys (eins og hún er þýdd í „Tímanum“) endar á þessum orðum: „Þið verðið að hugsa hratt, þið verðið að gerhugsa“. (Þ. e.: Þið verðið að átta ykkur á þessu máli og það fljótt).

Báðum þessum miklu merkismönnum kemur þannig saman um, að nú eigi sér einmitt stað þetta, sem ég hélt fram 1914 að mundi verða bráðlega: tímamót miklu meiri en nokkur áður í sögu mannkynsins, úrslitatímamót. Og þeir, sem víðlesnir eru í blöðum og öðrum ritum þessara síðustu ára, mundu geta bætt við mörgum nöfnum merkismanna á ýmsum sviðum, sem eru engu síður en þeir, sem ég nefndi, sannfærðir um það, hvers eðlis viðburðir þessara síðustu áratuga eru, þó að fáir muni var alveg eins úrkula vonar um

að vel geti farið og H. G. Wells. En ég ætla hér í viðbót aðeins að nefna two náttúrufræðinga, sem báðir eru þannig menn, að mikils verður að meta orð þeirra. Í sumar sem leið, er ég dvaldi í Svíþjóð, sá ég þar í einu af merkstu blöðum getið um þing, sem enskir náttúrufræðingar og heimspekingar höfðu haldið þá dagana, til að ræða um viðburði þessara síðustu tíma og horfurnar í sögu mannkynsins. Var þess þar getið, að hinn frægi lífeðlisfræðingur dr. A. V. Hill hefði í ræðu einmitt komist að orði á þá leið, að nú væru úrslit-tímar meiri en nokkru sinni áður, og jafnvel mætti segja, að mannkynið væri á glötuunar barmi. En hinn maðurinn var einn af kunnstu náttúrufræðingum sænskum, jarðfræðingurinn próf. dr. Joh. Gunnar Andersson, einn af viðförlustu náttúrufræðingum vorra tíma, sem mörg hin síðari ár hefir dvalið í Kína og á elliárum einkum lagt stund á hina elstu mannfræði, ef svo mætti að orði komast. Var frá því sagt, að dr. Andersson hefði í smíðum bók, sem ætti að heita „Fred eller Förintelse“, og má búast við því, að sú bók sé býsna fróðleg, slíkur sem höfundurinn er. Hann er, eins og heiti bókarinnar þegar gefur í skyn, sannfærður um, að skammt sé eftir sögu mannkynsins, ef ekki getur bráðlega hafist hér á jörðu öld hins óbrigðula friðar. Verður fróðlegt að vita, hvað hinn mikli vísindamaður hyggur muni geta dugað til að koma mannkyninu á braut friðar, eða hvort hann leggur nokkuð til í þá átt. En ég hefi hvergi, enn sem komið er, séð getið um neitt, sem mér virðast nokkrar minnstu líkur til að geti átt upptökin að því, að horfið verði frá helstefnunni. Horfurnar eru býsna ískyggilegar, og það er ástæða til að láta sér vera áhyggjuefn, hversu vonlaus annar eins vitringur og H. G. Wells var um framtíð mannkynsins. Mannlegt hyggjuvit er að þrotum komið, segir hann, ekkert ljós mun verða tendrað í því myrkri glötunarnnar, sem mannkynið er að halda út í. Og einhver annar höfundur, sem ég man ekki nafnið á, kemst þannig að orði, „að vísindin hafi verið rúin Messíasarskrúða sínum“, og engin aukning þekkingar muni geta bjargað framtíð mannkynsins. En sannleikurinn er þó sá, að aukin þekking, og

einungis aukin þekking, mun geta það. Hinn heimsfrægi rit snillingur og framtíðarfræðingur, er svo mætti nefna flestum fremur, hafði ekki rétt fyrir sér. Það ljós þekkingar má tendra, er eyði þessu feigðarmyrkri, sem Wells talar um, þannig að unnt verði að rata á þá leið, sem mannkynið verður að fara til að komast á braut hinna sönnu framfara.

En ekki verður því móti mælt, að býsna erfiðlega horfir, og það má með sanni segja, að „andinn lifir æ hinn sami“, og að vísu andinn sá, sem því veldur, að vér höfum svo lengi á helvegi verið hér á jörðu, og sem enn varnar því, að á veg lífsins verði komist. En ég er, þrátt fyrir allt, enganveginn úrkula vonar ennþá. Og eitt sem lífinu heldur í von minni er þetta: Ég hygg, að endir væri þegar orðinn á lífinu hér á jörðu, svo svívirðilega hryllilegt sem það hefir verið, ef þeir sem á æðri jörðum hafa gát á því, sem hér fer fram, hefðu ekki séð framá, að hin nauðsynlega stefnubreyting getur hér enn orðið og mun verða. Ýmsar líkur virðist mega telja til þess, að hinum æðri verum muni vera miklu auðveldara að gera enda á helstefnulífi á einhverri jarðstjörnu, heldur en að koma því á rétta leið. Það virðist jafnvel ekki ólíklegt, að þegar þeir sem yfirstjórn hafa í vetrarbraut, sjá að ekki verður í einhverju sólhverfi komist á framfaraleið, heldur fer þar fram sífelld aukning andstyggðar og ógna, þá sé sólin sprengd. Hitabylgjan, sem þá verður, mundi á einu augnabliki endi gera á öllu lífi í því sólhverfi. Og ekki einungis það. Brátt mundi, þar sem áður hefði verið sól og fylgihnettir hennar, vera orðin ný stjörnuþoka. Og á nýjan leik mundi hafin tilraunin til að sigrast á þeim hindrunum, sem fyrir verða á slíkum útjaðri sköpunarverksins. Og haldið mundi verða áfram uns tekist hefði að koma hinni miklu smíð alheimssins á braut fullkomnunarinnar, einnig í þeim stað. En löng yrði sú töf, sem af því mundi hljótast, ef mistækist að þessu sinni tilraunin til að koma lífinu í þessu sólhverfi á braut hinna sönnu framfara. Því að sú tímalengd mundi sennilega skipta milljónum áramilljóna ekki allfáum.

En það mun ekki mistakast. Það var engin falsspá, þegar Adam Rutherford sagði, að á Íslandi mundi tendrað verða

það ljós, sem lýsa mundi mannkyninu svo, að komist yrði af helvegi yfir á hinn. Ég hefi eins og sagt er nokkuð af hér áður, þegar það að gert, sem nægir til að sýna, hvar leiðin er. Það sem nokkur tvísýna er á ennþá, er aðeins, hvort sú leiðsögn mun þegin verða.